

Ráðstefnan Dagur öldrunar 2021

19. nóvember 2021 – Hótel Natura og Zoom

Tímarnir breytast og mennirnir með
Heildrænn stuðningur við aldraða og fjölskyldur þeirra

Dagur öldrunar verður haldinn í 4. sinn þann 19. nóvember 2021. Þema dagsins “*tímarnir breytast og mennirnir með*” vísar til mikilvægis þess að vera með þjónustu á hreyfingu og sniða og þróa hana að þörfum þjónustubeganna og samfélagsins. Mikilvægi sérþekkingar eykst stöðugt ásamt þörf fyrir fræðslu og þjálfun starfsmanna. Metnaður, nýsköpun, samvinna, öryggi, gæði o.fl. mikilvægir þættir varða leiðina til árangurs. Heildrænn stuðningur og heildræn þjónusta, lýðheilsa og sjálfræði, nýting mannafla og þekkingar eru áskoranir nútímans og framtíðarinnar.

Áttu erindi fyrir Dag öldrunar 2021?

Óskað er eftir ágrípum af rannsóknum, gæðaverkefnum eða öðrum verkefnum sem tengjast þema dagsins, stuðningi og þjónustu við aldraða og fjölskyldur þeirra á einkaheimilum, hinum ýmsu þjónustustigum og stofnunum. Hvað reynist vel, hvað er í þróun og hvert er stefnt. Nýjungar í þjónustu og þjálfun starfsmanna. Væntingar aldraða. Ráðstefnan er þverfagleg.

[Frestur til að skila ágrípum er til 10. september 2021 á oldrunarhjukrun@gmail.com](mailto:oldrunarhjukrun@gmail.com)

Nánari upplýsingar veita:

Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir,
anna.gudbjorg.gunnarsdottir@reykjavik.is

Íris Dögg Guðjónsdóttir, iris@eir.is

Sólrun Ólína Sigurðardóttir, solrun@salus.is

Hlíf Guðmundsdóttir, hligud@landspitali.is

Ráðstefnan er haldin af:

Fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga

Fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga

Fagráði öldrunarhjúkrunar á Landspítala

Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítalans í öldrunarfræðum, RHLÖ

Uppsetning ágrípa:

- Titill, nöfn höfunda, vinnustaðir og netfang tengiliðar.
- Hámarksorðafjöldi 350, sett upp og send inn í Word skjali
- Framsetning með feitletruðum undirfyrirsögnum: Bakgrunnur, Markmið, Aðferð, Niðurstöður og Ályktanir.
- Texta skal rita í TimesNewRoman 12pt lettri, 1 línubil.

